



35. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023

Mánudagur 9. janúar 2023 kl. 17:00

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson formaður (HSJ), stýrir fundi, Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður (GNE), Birna Lárusdóttir annar varaformaður (BL), Guðni Hafsteinsson gjaldkeri (GH), Herbert Arnarson (HSA), Lárus Blöndal (LB), Guðrún Kristmundsdóttir (GK) og Erlingur Hannesson (EH).

Forföll boðuðu: Jón Bender (JB), Einar Karl Birgisson (EKB).

HSJ og GNE rituðu fundargerð.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Fundargerð síðasta fundar

Hefur verið samþykkt rafrænt.

2. Fjármál

Farið yfir stöðuna í fjármálunum

Loksins er kominn niðurstaða frá ríkisvaldinu vegna fjárhagslegs stuðnings vegna COVID og verða rúmar 36 milljónir greiddar til KKÍ á allra næstu dögum.

Eingöngu var tekið tillit til útlagðs kostnaðar, ekki tekjutaps.

3. Körfuknattleiksping 25. mars

Ákveðið að hafa þingið í Laugardalshöllinni. Dagskrá þings er samkvæmt lögum KKÍ og verður formlegt þingboð að hafa borist til aðildarfélaganna í síðasta lagi 10. febrúar.

Umræður um tillögur frá stjórn og LB fór yfir næstu skref vinnunefndar stjórnar varðandi reglugerð um erlenda leikmenn. Boðað verður til undirbúningsfundar með fulltrúum félaganna áður en skilafrestur á tillögum rennur út.

4. Formannafundur 7. janúar sl.

Farið yfir formannafund 7. janúar sl

5. Samningur KKÍ og KKDÍ

Farið yfir samning við KKDÍ sem gerður var í desember við samninganefnd KKDÍ.

6. Afreks- og landsliðsmál

Farið yfir ýmis mál tengd afreks- og landsliðsmálum, meðal annars yngri landsliðs æfingar og foreldrafundi í lok desember, verkefni og leiki karla- og kvennalandsliðanna í febrúar.

7. Mótamál

Farið yfir stöðuna í móta- og dómaramálum.

8. FIBA málefni

HSJ gaf stutta skýrslu frá Norðurlandafundi 3. janúar sl sem hann, GNE og Kristinn Geir afreksstjóri sóttu. Einnig farið yfir FIBA Europe málefni en kosið verður í nýja stjórn þar í maí næstkomandi og eru komnir tveir aðilar í framboð til forseta FIBA Europe.

9. ÍSÍ málefni

HSJ og GNE gáfu skýrslu um óformega fundi og símtöl með forystu ÍSÍ en KKÍ var tilkynnt með óformlegum hætti þann 13. desember sl. að sambandið yrði fært úr A afrekssambandi í B afrekssamband. Enn hefur engin formleg tilkynning borist, en þessari niðurstöðu hefur verið mótmælt af hálfu KKÍ og við fært rök fyrir því afhverju ekki ætti að fara í þessu færslu. Það er ljóst að ef stjórn ÍSÍ heldur sínu striki í málinu þá hefur það alvarlegar afleiðingar fyrir KKÍ og körfuboltann í landinu til framtíðar. Málið verður rætt frekar innan stjórnar þegar formleg niðurstaða stjórnar ÍSÍ liggur fyrir.

10. Önnur mál

- a. Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið kl.19:35.

Næsti fundur mánudaginn 13. febrúar.